



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík - Sími 5610769 - netfang hj@ssi.is

Alþingi

Nefnda- og greiningasvið

99. mál – breyting á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 23. október 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum

Sjómannasamband Íslands vill veita umsögn um ofangreint lagafrumvarp.

Sjómannasamband Íslands styður eindregið sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda sem og annara auðlinda. Sjálfbærni auðlinda er meginþáttur í velmegun okkar sem þjóðar til langframa. Hvalveiðar eru þar síst undantekning. Veiðarnar byggja á vísindalegri ráðgjöf og að lögum um velferð dýra sé framfylgt.

Hvalveiðar okkar eru einungis stundaðar úr stórum stofnum sem eru í mjög góðu ástandi. Eins er lítið vitað um afrán hvalastofna úr öðrum nytjastofnum almennt, s.s. loðnu. Sem leiðir til að rannsaka þarf orsakasambandið þar á milli mun betur m.a. með veiðum og rannsóknum á hvöllum. Þess vegna telur Sjómannasamband Íslands að hvalveiðar séu nauðsynlegar fyrir utan að skapa hér vel borgaða atvinnu. Sjómannasamband Íslands ályktar að mjög mikilvægt sé að huga að jafnvægi lífríkisins þegar ákvörðun um nýtingu stofna við Íslandsstrendur eru teknar.

Virðingarfyllt,

f.h. Sjómannasambands Íslands